Nýtt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum

- hlutverk fulltrúaráðs

Árni Hrafn Gunnarsson

GILDI

Nýtt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum

- Samþykkt á ársfundi 2019. Byggir á samkomulagi ASÍ og SA, dags. 24. apríl 2018, um stjórnkerfi lífeyrissjóða.
- Samkomulag ASÍ og SA kveður m.a. á um verkefni ársfunda lífeyrissjóða, verkefni fulltrúaráðs, hlutverk og hæfi stjórnar og verklag við skipan stjórnarmanna.
- Meðal annars gerir samkomulagið ráð fyrir lengri aðdraganda að vali stjórnarmanna með stofnun uppstillingarnefnda (tilnefningarnefnda) og staðfestingu fulltrúaráðs á tilnefningum í aðdraganda ársfundar.

Fulltrúaráð hjá Gildi

- 160 fulltrúar sitja í fulltrúaráði Gildis. Stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum skipa 80 fulltrúa og Samtök atvinnulífsins skipa 80 fulltrúa.
  - Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtaka sjóðsins.
  - Við skipan fulltrúaráðs er miðað við að það endurspegli þær starfs- og atvinnugreinar sem greiða til sjóðsins.
- Auk ársfunda skal stjórn sjóðsins kalla saman fulltrúaráð sjóðsins tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar.
  - Þetta er nýbreytni sem leiðir af framangreindu samkomulagi.

Tilnefningarnefnd hjá Gildi

- Ákvæði um tilnefningarnefndir voru samþykkt á síðasta ársfundi sjóðsins og eiga samsvörun við uppstillingarnefndir í samkomulagi ASÍ og SA.

- Gert ráð fyrir því að eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skuli fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skipa a.m.k. þriggja einstaklinga nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanna þeirra.

- Jafnframt er gert ráð fyrir því að Samtök atvinnulífsins starfræki tilnefningarnefnd sem undirbúi tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda og varamenn þeirra.

Tilnefningarnefnd hjá Gildi

- Gert er ráð fyrir því að tilnefningarnefndir setji sér starfsreglur varðandi hvernig verk þeirra verður framkvæmt.
- Samkomulag ASÍ og SA gerir ráð fyrir því að nefndirnar óski eftir starfskröftum einstaklinga til stjórnarsetu með auglýsingum og almennri hvatningu.
  - Sóst eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu t.d. varðandi lífeyrismál, kjarasamninga, stjórnun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað.

Tilnefningarnefnd hjá Gildi

- Til þess að tryggt sé að stjórn verði með heppilega samsetningu á heildina litið (s.s. með fjölbreytt þekkingarsvið) er gert ráð fyrir því að tilnefningarnefndir hafi með sér formlegt samráð.
  - Markmið að tryggja að stjórn verði í heild þannig samsett að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.
- Má að einhverju leyti líkja þessu saman við ráðningarferli þar sem markmiðið er að leggja til hæfa einstaklinga sem skila í heild heppilegri samsetningu.
  - Hefur ákveðna samsvörun við tilnefningarnefndir í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Nýtt verklag við val á stjórnarmönnum

- Í síðasta lagi 3 mánuðum fyrir ársfund (nú janúar 2020):
  - Fulltrúar valdir í tilnefningarnefnd launafólks og tilnefningarnefnd atvinnurekenda. Nefndirnar setja sér starfsreglur.
- Tilnefningarnefndir hefja störf
  - Sóst eftir starfskröftum með hvatningu og opinberri auglýsingu.
  - Mat lagt á einstaka frambjóðendur.
  - Formlegt samráð milli tilnefningarnefnda með það markmið að tryggja heppilega samsetningu stjórnar.

Nýtt verklag við val á stjórnarmönnum

- Fundur fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar
  - Tillögur tilnefningarnefnda launafólks og Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn lagðar fram til staðfestingar af fulltrúaráði.
- Ársfundur
  - Kosning fulltrúaráðs á fulltrúum launafólks.
  - Tilkynning um kosningu Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum atvinnurekenda.
- Eftir ársfund
  - Fjármálaeftirlitið metur hæfi nýrra stjórnarmanna.

Takk fyrir

GILDI